

Sp.

38. Tillaga til þingsályktunar

[38. mál]

um fangelsismál.

Flm.: Helgi Seljan, Guðmundur J. Guðmundsson, Baldur Óskarsson.

Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum. Nefndin skal í kjölfar þeirrar úttektar skila álitum um þær úrbætur í fangelsismálum, sem henni þykja knýjandi, svo og áætlun um framtíðarskipan þessara mála.

Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum skv. tilnefningum þingflokka, tveim fulltrúum frá félagssamtökunum Vernd og einum fulltrúa dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna. Nefndin skal skila álitum fyrir þingbyrjun 1982.

Greinargerð.

Fangelsismál okkar hafa mjög verið í sviðsljósi að undanfögnu og mikið um þau rætt og ritað.

Hér er um viðkvæman og vandmeðfarinn málaflokk að ræða þar sem oft vill verða skammt öfga á milli.

Það fer hins vegar naumast milli mála að hreinskilin og opinska umræða hlýtur að vera af hinu góða og Alþingi hlýtur að vera sjálfsgæddur vettvangur slíkrar umræðu.

Þegar menntunarmál fangavarda komu til umræðu á Alþingi í fyrra hlutu fangelsismál almennt að verða fyrirferðarmest í umræðunni og þar kom margt athyglisvert fram í máli manna.

Fyrirspurn frá Salome Þorkeldsdóttur um tiltekna þætti fangelsismála fékk ekki neina umræðu, en skriflegt svar ráðherra barst við fyrirspurninni.

Í umræðum undangenginna þinga um geðheilbrigðismál hefur málefni geðsjúkra afbrotamanna mjög borið á góma, en þar er á ferðinni eitt stærsta vandamál í fangelsismálum okkar.

En heildarumræða um alla þætti fangelsismála, vandamálin þar og framkvæmd yfirleitt, hefur ekki farið fram á þingi og hafa þó oft gefist til þess ástæður.

Nú í sumar hefur séra Jón Bjarman fangaprestur vakið verðskuldaða athygli á fjölmörgu í fangelsismálum okkar, og munu flutningsmenn þessarar tillögu leita liðsinnis hans er málið kemur til umfjöllunar Alþingis.

Í kjölfar þess, sem séra Jón Bjarman hefur látið frá sér fara, hafa svo birst viðtöl og greinar um þessi mál sem vekja ekki síður fjölmargar spurningar sem ósvarað er að miklu eða öllu leyti.

Skemmst er að minnast viðtalsbókarinnar við Sævar Ciesielski: Stattu þig drengur, sem er þess eðlis, að löggjafinn, Alþingi, hlýtur að leggja að eyru og fá svör við ýmsum þeim spurningum sem vakna við lestur þeirrar bókar. En til þess að Alþingi geti um málið fjallað heildstætt og vegið og metið allar aðstæður er óhjákvæmilegt að fram fari hlutlaus úttekt á fangelsismálum okkar og stöðu þeirra í dag.

Fullyrðingar allar er hollast að spara, en engum dylst þó að í svo vandmeðförnum málaflokki getur vart hjá því farið, að ýmislegt sé öðruvísi en vera ætti. Þar geta komið til mannleg mistök, einstrengingsháttur og jafnvel mannúðarskortur gagnvart því ógæfufólki sem oft á sér fáa formælendur, ef nokkra. Hvergi er í raun meiri hætta á valdníðslu en einmitt

gagnvart þessu fólki og úr því verður að fást skorið óyggjandi, að slíkt eigi sér ekki stað, og ef svo er, að gripið sé þá til harkalegra gagnráðstafana.

Í greinargerð með tillögu þessari, sem að meginefni er fólgin í skjótri úttekt á ástandi þessara mála, hæfir ekki að fjalla um einstök atriði.

Í ljósi þeirrar úttektar, sem lögð verður fyrir Alþingi, munu svo fram fara enn frekari umræður og í væntanlegum tillögum um frekari úrbætur gefst svo enn færi á því að fjalla um þessi mál. En þögn um þau inni á Alþingi í ljósi þess, sem um málin hefur verið rætt og ritað, er af hinu illa, vekur enn frekari tortryggni og grunsemdir og er í raun ekki réttlæt看leg.

Sú spurning leitar mjög á flutningsmenn, hvort fangelsunum sé ekki beitt um of með tilliti til þeirra áhrifa sem slík frelsissvipting hefur í för með sér. Nefndinni er því nauðsyn að kanna rækilega hvort önnur viðurlög en fangelsun eigi ekki í mörgum tilfellum meiri rétt á sér.

Fá mál eiga meiri heimtingu á raunsærrí skoðun, hreinskilnum umræðum, og í framhaldi af þeim og nauðsynlegu starfi nefndar, sem gerði úttekt og tillögur til Alþingis, yrði þá af mikilli alvöru snúið sér að því að gera þær umbætur sem knýjandi teldust.

Þetta ógæfufólk á þar ótvíræðan rétt og rétti þess má löggjafinn aldrei gleyma, heldur gæta hans sem best.

Flutningsmenn munu gera nánari grein fyrir málinu í framsögu og umræðum og koma þar að ýmsu því sem ekki þykir að svo stöddu rétt að fara inn á í greinargerð.